



Valmynd



(/media/2015//large/2tx8cdqf.jpg)

Strandveiðibátur

Fyrirkomulag strandveiða 2017

12.4.2017

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur gefið út reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2016/2017. Reglugerðin mun birtast í Stjórnartíðindum síðar í dag.

Aukning verður á veiðiheimildum á svæði D um 200 tonn frá fyrra ári, og heildaraflaheimildir hækkaðar úr 9.000 tonnum í 9.200 tonn. Strandveiðitímabilið hefst 2. maí og stendur til 31. ágúst 2017. Önnur ákvæði um veiðisvæði, veiðidaga, hámarksafla á dag og fjölda handfærarúlla verða óbreytt frá fyrra árum.

Við úthlutun aflaheimilda er byggt á svæðaskiptingu; svæði A) nær frá A. Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps, svæði B) nær frá Strandabyggð til Grýtubakkahrepps, svæði C) nær frá Þingeyjarsveit til Djúpavogshrepps og svæði D) nær frá Hornafirði til Borgarbyggðar.

Strandveiðar hófust fyrst í júní 2009 og var heildarmagnið þá 4.000 tonn. Á komandi vertíð verður leyfilegur heildarafla 9.200 tonn og er það aukning um 200 tonn frá fyrra ári. Reikna má með að útgefin veiðileyfi verði um 700.

Botnfiskur	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	
Svæði A	852	1.023	1.023	512	
Svæði B	521	626	626	313	
Svæði C	551	661	661	331	
Svæði D	600	525	225	150	

